

Mál nr. 256/2017**M
og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartrygginga ökutækjanna B og A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins C.****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 04.08.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 14.08.2017.

Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 18.08.2017.

Málsatvik.

M, sem er ökumaður C ekur á hægri akrein suður Reykjanesbraut og ákveður að taka vinstri beygju inn að útskoti við Reykjanesbraut þar sem bifreiðin ofhitnaði. B ekur á vinstri akrein og þar á eftir ekur bifreiðin A. Ökumaður B hemlar þegar C ekur yfir vinstri akrein og þegar hann er að aka aftur af stað ekur A aftan á B.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök þannig að M var látinn bera helming sakar fyrir akreinaskeipti í veg fyrir umferð og ökumaður A látinn bera helming sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig. M mótmælir þessari niðurstöðu og segist hafa verið komin inn í útskotið þegar B hemlar. Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður B segist hafa neyðst til að hemla snögglega niður í ca 20-30 km og sé svo að taka af stað þegar A hafi ekið aftan á B. Þá kemur fram að ökumaður A segist hafa séð B nánast stopp og hafi því hemlað en bifreiðin runnið á götunni og lent aftan á B.

Í bréfi V1 er tekið undir niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaga. V2 hefur ekki frekari athugasemdir í málinu.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að B hafi hemlað og nær stöðvað þegar C keyrði af hægri akrein yfir á vinstri og í útskotið. Í tjónstilkynningu kemur fram hjá ökumanni B að hann hafi verið að aka af stað aftur þegar A hafi lent aftan á B. Þar sem B var nánast stöðvuð og var að aka af stað þegar óhappið varð telur úrskurðarnefndin að A beri alla sök enda hafi honum borið að gæta nægjanlega að umferð fyrir framan sig og hafi því ekki virt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 5. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.